



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 10. apríl 2016 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri. Formaður bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til umfjöllunar. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 7. mars 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1604001 – Kvígindisfjörður 139635, deiliskipulag frístundabyggðar.

Fyrir nefndinni liggur uppdráttur af deiliskipulagi Dalur í Reykhólahreppi, deiliskipulag um frístundabyggð. Nefndin telur að deiliskipulagið samræmist aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Deiliskipulagið er samþykkt til auglýsingar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim fyrirvara að óskað verði álits Minjastofnunar á greinargerð sem fylgir skipulagsuppdrætti. Samþykkt samhljóða.

3. 1604002 – Álftaland 173216, breyting á notkun mannvirkja.

Umsókn frá Flautá ehf. dagsett 8. apríl 2016.

Nefndin samþykkir breytingu á notkun fasteignarinnar fnr. 221-6659 Álftalands lnr. 173216 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Samþykkt samhljóða.

4. 1501010 – Deiliskipulag athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Fyrir nefndinni liggur svarbréf Skipulagsstofnunar dagsett 4. apríl 2016. Gerðar eru nokkrar athugasemdir af hálfu Skipulagsstofnunar.

Nefndin fellst á athugasemdir Skipulagsstofnunar og felur skipulagsfulltrúa að vinna úr þeim ábendingum sem komu frá stofnuninni.

Nefndin samþykkir einnig að fella úr gildi gamalt deiliskipulag, orlofshúsasvæði 1 í Flatey, sem samræmist ekki aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. 1603003 – Fundargerð 383. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

6. 1604003 - Reykhólar 139639 – umsókn um stofnun lóðar Mávavatn 1.

Umsókn frá Agli Sigurgeirssyni og Tómasi Sigurgeirssyni dagsett 10. apríl 2016.

Egill Sigurgeirsson vék af fundi.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Mávavatn 1 úr jörðinni Reykhólar. Samþykkt samhljóða.

Egill Sigurgeirsson kom aftur inn á fund.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____